AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. janúar 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Í breytingunni felst:

1. Stofnanasvæði, skilgreint fyrir íbúðir aldraða, er breytt í íbúðarsvæði.
2. Felld er niður íbúðarlóð austan Stóru-Vogaskóla.
3. Íbúðarsvæði á mótum Suðurgötu og Vogagerðis samsíða Brekkugötu, er breytt í opið svæði til sérstakra nota.
4. Skilgreindir eru nýir göngustígar meðfram strandlengjunni og umhverfis Vogatjörn. Jafnframt er fjölgað göngustígum við byggðina.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.